

# Aðalfundur UMF Tindastóls

26. febrúar 2009, haldinn á Mælifelli, vegna ársins 2008

## **Dagskrá:**

### **1. Setning**

Gunnar Þór Gestsson setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

### **2. Kosning fundarstjóra**

Gunnar Þór Gestsson lagði til að Ómar Bragi Stefánsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók þegar til starfa.

### **3. Kosning fundarritara**

Fundarstjóri bar upp tillögu um Kristjönu Jónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

### **4. Skýrsla formanns**

Gunnar Þór Gestsson las skýrslu formanns. Skýrslu formannsins má sjá í [ársskýrslu félagsins](#) sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins, [www.tindastoll.is](http://www.tindastoll.is) á rafrænu sniði.

### **5. Skýrsla gjaldkera**

Elínborg Svavarsdóttir fór yfir reikninga aðalstjórnar fyrir árið 2008.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu og reikninga félagsins. Fundarmenn spurðu um hina ýmsu liði í rekstrarreikningi sem formaður og gjaldkeri gáfu skýringar á.

Fundarstjóri bar reikninga félagsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir með þorra atkvæða.

## **Félagsgjöld**

Gjaldkeri UMFT lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt, kr. 2.500,- fyrir fullorðna og kr. 1.000,- fyrir unglunga fjórtán til átján ára.

Fundurinn samþykkti þessa tillögu samhljóða.

### **6. Íþróttafulltrúi Skagafjarðar ? Sævar Pétursson**

Sævar Pétursson kynnti sjálfan sig og starfið sem hann hefur nýlega tekið að sér hjá Sveitarfélaginu Skagafirði sem íþróttafulltrúi. Sævar sagði að þetta nýja starf væri mjög áhugavert og það hefði komið honum á óvart hversu öflugt íþróttastarfið væri hér í Skagafirði miðað við stærð sveitarfélagsins.

Sævar sagði frá ýmsum hugmyndum sem hann myndi vilja vinna að í samstarfi við íþróttafélögin í sveitarfélaginu.

## 7. Nýr styrktarsamningur á milli UMF Tindastóls og Sparisjóðs Skagafjarðar

Fyrir tíu dögum leituðu Kristján Björn Snorrason sparisjóðsstjóri og Karl Jónsson til okkar og vildu gera heildarsamning við UMF Tindastól. Þegar styrktaraðilar hafa frumkvæði að því að auka fjárframlag sitt til félagsins verðum við að sjálfsögðu afskaplega glöð.

Kristján Björn Snorrason kynnti nýjan styrktarsamning á milli UMF Tindastóls og Sparisjóðs Skagafjarðar. Samningurinn felur það í sér að Sparisjóður Skagafjarðar styrkir UMFT um kr. 1.500.000 á ári, 2009-2011, samtals kr. 4.500.000. Í samningum kemur meðal annars fram að 75% af styrknum skuli varið til barna- og unglíngastarfs. Sparisjóðsstjóri og formaður UMF Tindastóls skrifuðu undir samninginn ásamt vottum.

## 8. Íþróttamaður UMF Tindastóls 2008

Gunnar Þór Gestsson formaður greindi frá því hverjir hefðu verið tilnefndir til Íþróttamanns Tindastóls 2008 og afhenti þeim viðurkenningu frá félaginu.

Bjarki Már Árnason, Sætúni 7 á Hofsósi er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af knattspyrnadeild

Ísak Einarsson, Jöklatúni 4 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af körfuknattleiksdeild

Linda Björk Valbjörnsdóttir, Ártúni 7 á Sauðárkróki er tilnefnd sem íþróttamaður ársins af frjálsíþróttadeild

Steinunn Snorradóttir, Skagfirðingabraut 35 á Sauðárkróki er tilnefnd sem íþróttamaður ársins af sunddeild

Sævar Birgisson, Neðribraut 10 í Mosfellsbæ er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af skíðadeild

**Íþróttamaður Tindastóls árið 2008 er Ísak Einarsson, körfuknattleiksmaður ársins.**

## 9. Afhending starfsbikars

Formaður UMF Tindastóls afhenti Rannveigu Helgadóttur starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins. Rannveig Helgadóttir hefur í mörg ár unnið fyrir félagið ómælt starf, er í stjórn skíðadeildar og vinnur einnig mikið sjálfbóðaliðsstarf fyrir aðrar deildir. Það er mat Aðalstjórnar að Rannveig sé vel að þessari viðurkenningu komin.

Einnig afhenti formaðurinn handhafa starfsbikarsins fyrir árið 2007, Hrafnhildi Pétursdóttur, bikar til eignar.

## 10. Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afrekshópa og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Þetta árið var úthlutað tveimur styrkjum úr sjóðnum. Gunnar Þór formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina.

Linda Björk Valbjörnsdóttir fær styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku hennar í mótum í nafni UMF Tindastóls. Í fjarveru Lindu Bjarkar tók móðir hennar, Anna Sigríður Stefánsdóttir, við styrknum fyrir hennar hönd.

Þriðji flokkur kvenna í knattspyrnu fær styrk að upphæð kr. 75.000 vegna æfinga- og keppnisferðar á komandi sumri. Perla Sæmundsdóttir og Aðalbjörg Sigfúsdóttir veittu styrknum viðtöku fyrir hönd hópsins.

#### *11. Kosning formanns*

Tillaga að Gunnari Þór Gestssyni núverandi formanni. Ekki kom fram önnur tillaga. Samþykkt samhljóða.

#### *12. Kosning stjórnar*

Tillaga að Magnúsi Helgasyni, Elínborgu Svavarsdóttur, Kristjönu Jónsdóttur og Jóni Daníel Jónssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða.

#### *13. Kosning varamanna*

Tillaga að Jakob Frímanni Þorsteinssyni, Ísak Sigurjóni Einarssyni og Marteini Jónssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða.

#### *14. Kosning skoðunarmanna*

Tillaga að Gunnari Sveinssyni og Hirti Geirmundssyni. Ekki komu fram aðrar tillögur og tillagan samþykkt samhljóða.

Nú gerði fundarstjóri hlé og bauð fundarmönnum að fá sér kaffi og köku í boði Sparisjóðs Skagafjarðar.

#### *15. Önnur mál*

Ómar Bragi Stefánsson byrjaði á að taka til máls undir þessum lið og greindi frá þeirri miklu vinnu sem framundan er við undirbúning unglíngalandsmóts á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2009. Öllu jöfnu hafa mótshaldarar 1-2 ár til að undirbúa þenna atburð en vegna hinn sérstöku aðstæðna höfum við nú einungis 5 mánuði. Ómar hvatti því fólk til að vera viljugt að taka að sér sjálfboðaliðsstörf og ef að allir leggðust á eitt þá væri þetta mun auðveldara og skemmtilegra.

Róbert Óttarsson spurði hvort skoða ætti að velja fulltrúa deildanna í aðalstjórn og var það rætt án þess að nein ákvörðun væri tekin.

Karl Jónsson spurðist fyrir um hvar hugmynd um starfsmann fyrir íþróttahreyfinguna væri stödd í kerfinu. Gunnar Þór formaður svaraði því til að aðeins hefði verið unnið í þessari hugmynd með UMSS og í samstarfi við frístundastjóra sveitarfélagsins en því væri ekki lokið.

Karl Jónsson lýsti ánægju sinni með þær hugmyndir að UMFT hefði eitt æfingagjald fyrir börn og unglíng. Þetta opni á þann möguleika að börnin geti stundað fleiri en eina íþróttagrein.

#### *16. Fundi slitið*

Ómar Bragi fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og afhenti hann Gunnari Þór formanni fundinn.

Gunnar Þór sleit fundinum og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.